

Priðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 113/1956. Þorvaldur Steinason

gegn

Finnboga Guðmundssyni

og

Gunnari Jónssyni setudómara.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um, að dómari viki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. september þ. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum gert að vika sæti. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Finnboga Guðmundssonar eftir mati dómsins.

Varnaraðili Finnbogi Guðmundsson krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar. Af hendi Gunnars Jónssonar setudómara hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð.

Þó að héraðsdómari hafi áður gegnt dómarastörfum og kveðið upp úrskurð í öðru máli milli aðilja máls þessa og það mál kunni að snerta að einhverju leyti bæjarþingsmál það, sem hér liggur fyrir, þá er fjarri lagi, að dómari sé af þeim sökum vanhæfur til að fara með mál þetta og dæma það. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja Finnboga Guðmundssyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600.00.

Vita ber fráleita kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorvaldur Steinason, greiði varnaraðilja Finnboga Guðmundssyni kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akraness 6. september 1956.

Með stefnu, út gefinni 26. júlí s.l., höfðaði stefnandinn, Finn-
bogi Guðmundsson, Bárugötu 18, Akranesi, mál þetta gegn Þor-
valdi Steinasyni, s. st. Í máli þessu gerir stefnandi þær dómkröf-
ur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að forstofu
og stigagangi að íbúð hans á efri hæð hússins, Bárugötu 18, og
að stefndi eigi engan umferðarrétt að eða um greinda forstofu
né stigagang. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og
krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn reglulegi dómari hefur með úrskurði, upp kveðnum 22.
f. m., vikið sæti í máli þessu, og hefur Gunnar Jónsson hdl. verið
skipaður til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta.
Hefur hann og kveðið upp úrskurð þenna.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1947 keypti stefnandi efri hæð
og ris hússins, Bárugötu 18, Akranesi, ásamt $\frac{1}{2}$ þvottahúsi, kynd-
ingarklefa og miðstöðvarkatli. Á sama tíma keypti stefndi neðri
hæð nefnds húss, að undanskildu $\frac{1}{2}$ þvottahúsi, kyndingarklefa
og miðstöðvarkatli.

Á húsinu voru þá 2 inngangar á norðurvegg. Sá vestari var og
er inngangur efri hæðar, en sá eystri var inngangur neðri hæðar,
utan 1 dyr í vestari inngangi inn í eitt herbergi neðri hæðar, en
ekki virðist sá inngangur hafa verið notaður af eiganda neðri
hæðarinnar.

Til að komast í þvottaherbergi hússins, sem jafnframt er kynd-
ingarklefi, gekk stefnandi ávallt um eystri inngang hússins, allt
frá því að hann flutti í húsið haustið 1947 og þar til í ágúst eða
september 1954, að stefndi múraði upp í þær dyr og setti nýjar
útidyr á austurhlið hússins.

Eftir að stefndi hafði múrað upp í nefndar dyr, notaði stefn-
andi og fólk hans ávallt hinn nýja inngang á austurhlið hússins,
er það þurfti að komast í þvottahúsið, þar til stefndi í bréfi til
stefnanda, dags. 28. júní s.l., bannaði stefnanda umferð um nefnd-
an inngang.

25. júlí s.l. sendi stefnandi bæjarfógeta Akraness beiðni um,
að sér yrði með beinni fógetagerð heimilaður aðgangur að þvotta-
húsinu og miðstöðvarklefanum gegnum áðurgreint anddyri íbúð-
ar stefnda á austurhlið hússins.

Hinn reglulegi fógeti vék sæti í fógetaréttarmálinu, og fór
Gunnar Jónsson hdl. með það og úrskurðaði. Var úrskurður kveð-
inn upp 24. f. m., og var leyfð framganga gerðarinnar (dskj. 14
í máli þessu).

Í bæjarþingsmáli þessu hefur stefndi krafizt þess, að setudómarinn víki sæti í málinu, vegna þess að hann hafi sem setufógeti í fyrrgreindu innsetningarmáli látið stefnanda hafa aðgang að þvottahúsi gegnum innganginn í húsið á austurhlið þess. Geti sú ákvörðun ekki byggzt á öðru en því, að dómarinn telji stefnda ekki eiga nema þenna eina inngang að íbúð sinni. Hafi því dómarinn þegar lagt dóm á mál þetta á þá leið, að stefnandi eigi þann rétt, sem deilt er um í máli þessu.

Í nefndum fógætaréttarúrskurði komst setufógetinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi máls þessa ætti augljósan rétt til umferðar um neðri hæð hússins til að komast að þvottahúsi og miðstöð, og þar sem stefndi hefði tekið af hinn upphaflega inngang og sett nýjan inngang á austurhlið hússins, úrskurðaði fógætin stefnanda rétt til að ganga um þann inngang.

Um inngang í þvottahúsið gegnum dyr úr anddyrinu, sem liggur að efri hæð, gegnum eitt íbúðarherbergi neðri hæðar, kom ekki til álita í fógætaréttarmálinu, enda hafði aldrei verið gengið þar í gegn af stefnanda né stefndi boðið stefnanda að ganga þar í gegn.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa fært fram neinar gildar ástæður fyrir þeirri kröfu sinni, að setudómarinn víki sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:

Gunnar Jónsson setudómari vikur ekki sæti í máli þessu.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 177/1955. Trésmiðjan Víðir h/f

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Sigurjónssyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Riftun vinnusamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1955. Krefst hann þess, að stefnda verði